

ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?



APRÍL 2024

„Já, vittu til, staðhæfir vorið, að vetrinum þoka ég frá.“

Nú fer í hönd einn skemmtilegasti tími ársins sem jafnframt er annasamur hjá bændum. Einnig eru vorverkin hjá starfsmönnum sveitarfélagsins og undirbúningur fyrir framkvæmdir sumarsins í fullum gangi.

Vinna við heildarstefnumörkun fyrir sveitarfélagið er hafin og haldnir voru þrír íbúafundir. Þátttaka í fundunum var afar góð og mikið af góðum gögnum safnaðist sem unnið verður með. Þakka ber öllum sem tóku þátt í fundunum. Enn er tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum því á næstu dögum verður birt könnun á heimasíðu sveitarfélagsins og gefst þeim sem ekki höfðu kost á að taka þátt í íbúafundum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Könnunin verður bæði á íslensku og ensku og hvet ég íbúa til þátttöku og að benda erlendum íbúum okkar á könnunina því mikilvægt er að fá fram sjónarmið sem flestra.

Á síðasta sveitarstjórnarfundi var fyrri umræða um ársreikning Pingeyjarsveitar. Afar ánægjulegt er að niðurstöður reikningsins eru jákvæðar og verður nánar fjallað um hann að lokinni annarri umræðu sem fram fer 16. maí nk. og verður ítarleg frétt um niðurstöður reikningsins í næsta fréttabréfi.

Nýverið var starfsdagur hjá starfsmönnum skrifstofu og áhaldahúss þar sem Sigríður Ólafsdóttir hjá Mögnum stýrði vinnustofu. Almenn ánægja var með daginn og niðurstöður vinnunnar. Valdi hópurinn sér gildi til að vinna eftir. Virðing – Samvinna – Traust – Jákvæðni. Ljóst er að starfsmannahópurinn er þéttur og öflugur og mikill vilji til að byggja upp gott sveitarfélag sem veitir góða þjónustu.

„Þótt enn hvíli blómin í blundi og bleik séu úthagans strá,
ég vildi þau vekja og hressa en veit það er fullsnemmt um sinn
því geri ég holur í hjarnið og hleypi þar sólinni inn.“ (BG)

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



Ingimar Freyr Arnarsson
stórbóndi

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
sveitarstjóri

VIÐVERA STARRFSFÓLKS SVEITARFÉLAGSINS Í MÝVATNSSVEIT

MAÍ

HLÍÐAVEGUR 6

- Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs **alla þriðjudaga**.
- Rögnvaldur Harðarson, byggingarfulltrúi og umsjónarmaður fasteigna **alla þriðjudaga**.

GÍGUR GESTASTOFA

- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri, eða staðgengill, **alla miðvikudaga**.
- Ásta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, annan hvern miðvikudag, 8. og 29. maí.

Hægt er að panta viðtalstíma á netföngum viðkomandi starfsmanna eða á netfanginu skrifstofa@thingeyjarsveit.is.

Ef breytingar verða á viðtalsstímum verður það auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Það er vor í Þingeyjarsveit – stórt sveitarfélag með óendanlegar auðlindir í formi mannauðs og náttúruauðs er komið á legg og mun senn eiga tveggja ára afmæli. Á slíkum tímamótum er hollt að skoða og meta hvað hefur áunnist og hvað er framundan.



Þingeyjarsveit

Fyrsta ár sameinaðs sveitarfélags einkenndist af ákveðinni ringulreið. Fjöldi verkefna í kjölfar sameiningar biðu úrvinnslu og miklar breytingar urðu á starfsmannaskipan skrifstofa sveitarfélagsins. Að sama skapi var mannekla í stofnunum s.s. skólum og leikskólum. Það var því ærið verkefni að ná utan um reksturinn. Í lok síðasta árs má segja að tekist hafi að fullmanna skrifstofu sveitarfélagsins og gott jafnvægi er komið á starfsmannahald í stofnunum sveitarfélagsins.

Þrátt fyrir allt hefur mikið áunnist í okkar góða sveitarfélagi og það ber fyrst og fremst að þakka þeim öflugra hópi starfsmanna sem sveitarfélagið hefur yfir að ráða. Einnig ber að þakka gott samstarf meirihluta og minnihluta í sveitarstjórn en þar er einhugur um að styrkja rekstur sveitarfélagsins um leið og tækifæri til framfara verði nýtt okkur öllum til hagsbóta.

Fall er fararheill og nú eru mörg áhugaverð verkefni í farvatninu sem þarf að vinna markvisst að og mikilvægt er að vel takist til. Unnið að heildarstefnumörkun sveitarfélagsins og þar skiptir þátttaka íbúa miklu máli því niðurstaða þeirrar vinnu verður leiðarljós fyrir sveitarstjórn í vinnu út kjörtímabilið og vonandi lengur. Segja má að ný nálgun sé viðhöfð í vinnunni þar sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi. Meirihluti undirmarkmiðanna snerta verkefni sveitarfélaga og verða þar af leiðandi varla að veruleika nema með þeirra aðkomu.

Framkvæmdir við stjórnsýsluhús hófust í vetur og ganga vel, stefnt er að því að skrifstofurnar flytji á haustdögum. Með nýju stjórnsýsluhúsi skapast tækifæri fyrir störf án staðsetningar sem og veður hægt að leigja út skrifstofurými fyrir minni fyrirtæki eða stofnanir. Þingeyjarsveit fór í samstarf við Þekkingarnet Þingeyinga með útfærslu á lausum rýmum í stjórnsýsluhúsinu og Gíg með stuðningi úr byggðaaætlun. Framkvæmdir við göngustíg kringum Mývatn halda áfram í sumar sem og endurnýjun á hitaveitu í Mývatnssveit. Á fjárhagsáætlun var ráðgert að setja upp ærslabelg á Laugum og verður það einnig gert í sumar. Aðrar minni viðhaldsframkvæmdir sumarsins eru í undirbúningi.

Styrkur rekstur er grundvöllur þess að sveitarfélagið geti haldið áfram að þróast og veita íbúum sem besta þjónustu. Því er ánægjulegt að geta þess að rekstur sveitarsjóðs var jákvæður á síðasta ári. Það þýðir að skatttekjur okkar náðu að standa undir allri þjónustu, launakostnaði, almennum rekstrarkostnaði auk minniháttar viðhaldsframkvæmda. Engar nýjar lántökur voru á síðasta ári og eldri skuldir greiddar niður. Þrátt fyrir góðan rekstrarárangur er mikilvægt að halda vöku sinni og gæta aðhalds í öllum rekstri, skoða það sem betur má fara og hagræða þar sem mögulegt er. Með því móti eykst það fjármagn sem nota má í aðrar fjárfestingar og fjárfrekar viðhaldsframkvæmdir á hinum fjölmörgu fasteignum sveitarfélagsins.

Hluti skatttekna síðustu tveggja ára eru framlög frá Jöfnunarsjóði vegna sameiningar sveitarfélaganna. Þeim framlögum er ætlað að standa undir ýmsum stofnkostnaði sem ætíð verður til við slíkar sameiningar s.s. uppbyggingar nýrrar stjórnsýslu og fl. Sameiningarframlögin eru ákvörðuð til 7 ára, eru hæst á fyrstu árum eftir sameiningu og fara lækkandi. Þess vegna er mikilvægt að nýta fjármunina vel og byggja undir sjálfbærni sveitarfélagsins til framtíðar. Flest bendir til þess að svo verði. Fólksfjölgun er stöðug og til að viðhalda henni þarf atvinna og húsnæði að vera til staðar.

Þingeyjarsveit býr yfir einstökum auðlindum sem mikilvægt er að varðveita um leið og tryggt verði að nýting þeirra styrki stoðir sveitarfélagsins til áframhaldandi góðar þjónustu við íbúa. Til stendur að hefja stækkun Þeistareykjavirkjunar á þessu ári. Að auki verður raforkuframléiðslan aukin verulega eða um 20 MW með aukinni nýtingu á þeirri orku sem nú þegar hefur verið beisluð. Vonir standa til að fjölnýting jarðvarmaorkunnar muni aukast á næstu misserum og að nýsköpunarfyrirtæki sjái hag sinn í að hefja starfsemi innan sveitarfélagsins.

**Sumarkveðja,
Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti**

GJALDSKRÁR LÆKKAÐAR FRÁ 1. APRÍL

Vegna áskorunar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að gjaldskrár er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu hækki ekki umfram 3,5% á þessu ári voru gjaldskrárlækkanir samþykktar á fundi sveitarstjórnar þann 21. mars. Gjaldskrár sveitarfélagsins hækkuðu um 7.5% um áramót en sveitarstjórn gaf það út í janúar að hún væri reiðubúin að endurskoða og lækka gjaldskrár og styðja þannig við þjóðarsátt.



Bókun sveitarstjórnar frá 21. mars:

„Sveitarstjórn fagnar nýgerðum kjarasamningum og samþykkir tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um lækkun gjaldskráa sem varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu.

Eftirtaldir gjaldskrár verða lækkaðar: Gjaldskrá leikskóla Þingeyjarsveitar, tónlistarskóla, heimaþjónustu og hádegisverður eldri borgara. Rétt er að geta þess að í Þingeyjarsveit eru skólamáltíðir í leik- og grunnskóla gjaldfrjálssar og verða það áfram. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að uppfæra áðurnefndar gjaldskrár í samræmi við tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga og taka nýjar gjaldskrár gildi þann 1. apríl nk.“

Þessir flokkar hafa nú verið lækkaðir svo hækkunin nemur 3.5% frá fyrra ári, ekki 7.5%.

STYRKUR ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI FERÐAMANNA

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, úthlutaði nýlega úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir árið 2024. Að þessu sinni hljóta 29 verkefni styrk úr sjóðnum, þar á meðal fékk Þingeyjarsveit úthlutað 10 milljónum króna fyrir svæðið umhverfis Aldeyjarfoss og Hrafnarbjargafoss. Styrkurinn fer í gerð deiliskipulags og hönnun gönguleiða og endurhönnun bílastæða við fossana til að auka öryggi ferðamanna og vernda gróður í hrauninu. Verkefnið er á áfangastaðaáætlun Norðurlands.

STÓRUTJARNASKÓLI FÉKK GRÆNFÁNANN Í 6. SINN

Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi. Skólar á grænni grein styðja við umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og almennt umhverfisstarf í skólum á öllum skólastigum og fá afhentan grænfána að uppfylltum skilyrðum. Stórutjarnaskóli hefur verið á grænni grein frá árinu 2011 og fékk í lok apríl afhentan sinn 6. grænfána. Grænfánaverkefnið var áberandi í starfi Stórutjarnaskóla í lok apríl en þá fór þar fram landshlutfundur grænfána árið 2024. Einnig var árlegt umhverfis- og lýðheilsuþing skólans með fjölbreyttri og glæsilegri dagskrá. Til hamingju með enn einn grænfánann Stórutjarnaskóli.

KATLA MAGMA TESTBED

Fyrir í mánuðinum fóru Gerður Sigtryggsdóttir oddviti og Arnór Benónýson sveitarstjórnarfulltrúi á málþing um Kröflu Magma Testbed í München í Þýskalandi. KMT er risa stórt alþjóðlegt jarðvísindaverkefni sem fram fer við Kröflu í Mývatnssveit.

„Málþingið var haldið í TUM, Technical University of München og var tilgangur þess að sameina jarðvísindafólk og djúpbörunarsérfræðinga til að miðla þekkingu á Kröflu verkefninu. Tækifærin sem geta skapað hér á svæðinu eru fjölmörg og fjölbreytileg þegar Krafla verður miðstöð vísindarannsókna á Íslandi fyrir jarðhita- og eldfjallafræði.

Stofnunin getur tekið á móti hundruðum vísindafólks árlega, hvaðanæva úr heiminum ýmist til rannsókna eða sem gesta á ráðstefnum tengdum viðfangsefninu. Mikil tækifæri felast í því að flétta viðfangsefnið inn í skólustarf á öllum skólastigum. Sá mikli fjöldi vísindafólks og starfsmanna sem munu koma að verkefninu munu þurfa þjónustu frá nærsamfélaginu, gistingu, veitingaþjónustu, afþreyingu og eins mun verkefnið opna á tækifæri til nýsköpunar í hátækni, kennslu, ferðaþjónustu og jafnvel ýmsu öðru“ segir Gerður. Í kjölfarið málþingsins hefur Ragnheiður Jóna sveitarstjóri verið í sambandi við framkvæmdastjóra verkefnisins og skoðað tækifærin sem gætu falist í samstarfi sveitarfélagsins við verkefnið. Meira um KMT verkefnið á thingeyjarsveit.is



Frá vinstri: Arnór sveitarstjórnarfulltrúi, Björn Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri KMT, Gerður oddviti, Hjalti Páll Ingólfsson framkvæmdastjóri GEORG og formaður fjármögnunarnefndar KMT og Ottó Eliasson framkvæmdastjóri Eims

FRÁBÆRIR OG GAGNLEGIR ÍBÚAFUNDIR

Mótun heildstæðrar stefnu fyrir Þingeyjarsveit stendur nú yfir! Þrír íbúafundir voru haldnir í apríl, í Stórutjarnaskóla, í Skjólbrekku og í netheimum. Við þökkum íbúum fyrir góða mætingu og frábærar umræður!

Þær fóru um víðan völl og ljóst að flestir hafa skoðanir á því hvert sveitarfélagið á að stefna. Framtíðarhugmyndir voru margar og ólíkar en kjarninn í þeim væntumþykja gagnvart samfélaginu og náunganum. Til að mynda var rætt um mikilvægi þess að nýta jarðvarmann okkar betur, mikilvægi góðra vega, að Friðheimar norðursins ættu að rísa í Þingeyjarsveit og nauðsyn þess að efla hreyfingu eldri borgara. Að virkja meira, að virkja minna og að efla hringrásarhagkerfið. Hugmyndir um hraðstefnumót innan þessa víðfema sveitarfélags litu líka dagsins ljós; kannski þyrfti að aðstoða fólk við að finna maka innan sveitarfélagsins til að koma í veg fyrir brottflutning.



GRÆNU SKREFIN - VISTVÆNNI FERÐAMÁTI

Skrifstofa sveitarfélagsins og áhaldahúsið hafa undanfarið verið að innleiða grænu skrefin. Grænu skrefin er verkefni sem umhverfisstofnun setti á laggirnar fyrir stofnanir til að minka sóun og mengun frá starfsemi stofnanna. Hluti af því er m.a. að gera samgöngusamning um vistvænan ferðamáta. Starfsmaður velur á milli fjögurra leiða af vistvænni samgöngum þar sem hægt að velja samakstur, rafbíl, ganga/hjóla eða blandaða leið. Þeir sem búa lengra frá er gefinn kostur á því að leggja bílnum í um kílómeters fjarlægð frá vinnustað og ganga þaðan í vinnuna. Einu sinni á ári er dregið um verðlaun sem einn þátttakandi hlýtur.



Valdís Lilja og Ragnheiður Jóna


Þetta er því leið sem er bæði skemmtileg fyrir starfsmanninn og góð fyrir umhverfið. Það er því von að fleiri stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu taki þátt í verkefnum eins og grænu skrefunum og geri slíka samgöngusamning við sína starfsmenn. Frekari upplýsingar og leiðbeiningar um grænu skrefin og leiðbeiningar um samgöngusamninga er hægt að nálgast hjá Ingimari Ingimarssyni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs (ingimar@thingeyjarsveit.is).

Á dögunum skrifuðu þær Ragnheiður Jóna sveitarstjóri og Valdís Lilja launafulltrúi undir fyrsta samgöngusamninginn sem gerður er fyrir starfsmenn skrifstofu og áhaldahúss. Í samningnum heitir starfsmaður því að velja vistvænni samgöngumáta gegn því að eiga möguleika á verðlaunum.

STÓRAUKIN FRAMLEIÐSLA AF SPIRULINA

Mýsköpun var stofnað árið 2013 og var yfirlýst markmið félagsins að einangra, greina og ákvarða ræktunarskilyrði örþörunga úr Mývatni með framleiðslu og sölu í huga. Árið 2018 tókst að finna og einangra tvo örþörunga til manneldis úr sýnum sem tekin voru í Mývatni, Spirulina og Chlorella. Smám saman hefur framleiðslan og fyrirtækið stækkað og dafnað.

Nú er nýr búnaður fyrir örþörungaframleiðslu kominn í hús. Nýi búnaðurinn, sem var fenginn frá Hollandi, mun stórauka framleiðslu Mýsköpunar af Spirulínu. 1800 lítrar af lífmassa munu flæða um glerhólkana þar sem Spirulina félagsins mun vaxa með ljóstillífun. Örþörungarnir verða svo seldir sem fæðubótarefni.



Í byrjun apríl heimsótti Ragnheiður Jóna sveitarstjóri Mýsköpun og fékk afar góðar móttökur. Hún fékk góða kynningu á fyrirtækinu og fékk að skoða aðstöðuna og nýja tækjabúnaðinn. Mýsköpun stefnir að stækkun í náinni framtíð til að auka framleiðsluna enn frekar sem er afar jákvætt fyrir nærsamfélagið og sveitarfélagið allt.

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur starfsemi Mýsköpunar og öll þau spennandi verkefni sem þar eru á þróunum.

HVER ER SVANHILDUR KRISTJÁNSDÓTTIR?

Svanhildur sér um reikningagerð og innheimtu ásamt því að sjá um félagsstarf eldri borgara.

„Ég er gift Arngrími Páli Jónssyni og við eigum þrjú börn og þrjú barnabörn. Við hjónin búum á Granastöðum í Útkinn. Ég fór í VMA fyrir löngu og síðan aftur ekki fyrir svo löngu og kláraði matartækninn og stúdentinn. Fór síðan í Háskólann á Hólum og útskrifaðist með diplómu í ferðamálafræði. Hef tekið ýmis námskeið í gegnum tíðina úr mjög ólíkum flokkum, t.d. námskeið við fiskvinnslu, bókhaldsnámskeið, námskeið við stofnun fyrirtækja og garðræktar námskeið.“

Þín helstu verkefni í vinnunni?

„Við erum þrjár sem sjáum um félagsstarf 60+ í Þingeyjarsveit og reynum alltaf að finna eitthvað skemmtilegt að gera og eitthvað fróðlegt líka. Það er oft mikið hlegið og spjallað á þessum samverum, maður er manns gaman, munum það!

Á skrifstofunni er ég mest í reikningagerð og innheimtu.

Heima rek ég gistiheimili yfir sumartímamann, Granastaðir guesthouse. Gestirnir eru 99% frábærir og þakklátir og mjög margir furða sig á því að við skulum búum þarna í Útkinninni allt árið um kring.“

Topp þrír staðir í Þingeyjarsveit?

„Þeir eru reyndar margir frábærir í Þingeyjarsveit en útsýnið af hlaðinu á Syðra-Hóli í Fnjóskadal er dásemd, mér þykir ægilega vænt um Flateyjardalinn og síðan er gott að núllstillast á göngu á bökkum Skjálfandaflijóts. Þingeyjarsveit er æðil!“




Hvernig myndirðu lýsa bragðinu af salti fyrir einhverjum sem hefur aldrei smakkað það?

„Það er einfaldlega punkturinn yfir ið“

HVER ER RÖGNVALDUR HARÐARSON

Rögnvaldur er byggingarfulltrúi og umsjónarmaður fasteigna



Rögnvaldur ásamt dóttur sinni Freyju

Rögnvaldur er uppalinn í þorpinu á Akureyri. Hann stundaði nám við byggingarfræði í Danmörku og hefur unnið á hinum ýmsu stöðum; Á innréttingarverkstæði föður síns, á Kollgátu Arkitektastofu og á Fasteignaskrá. Hann tók við sem byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar árið 2023. Hann er giftur Stellu Pauli og saman eiga þau eina 11 ára dóttur, hund og kött. Röggi er byggingafræðingur, húsasmíðameistari, fasteigna og skipasali, með meiraprófsréttindi og skipstjóraréttindi. „Ég er með meiriháttar dellu og áhuga fyrir bílum og bátum og finnst gaman að teikna hús“.

Þín helstu verkefni í vinnunni?

„Fara yfir teikningar, gefa út byggingarleyfi, öryggisúttektir, lokaúttektir og umsagnir um rekstrarleyfi og gistileyfi, ræða við verktaka, fá tilboð frá byrgjum, samþykkja reikninga og tala við viðskiptavinum.“

Í hverju liggja tækifærin hjá Þingeyjarsveit?

„Augljóslega liggja tækifærin í að skipuleggja meira af lóðum í sveitarfélaginu og fá fleira fólk til að flytja í kyrrðina í sveitinni, losna við eril borgarinnar og hávaðann sem fylgir umferð og öngþveiti. Við þurfum líka að reyna að nýta betur allt landflæmið sem við eigum og virkja meira þar sem rafmagn verður af skornum skammti í framtíðinni, stuðla að fjölbreyttum landbúnaði og efla ferðaþjónustuna.“

Ef þú værir ávöxtur, hvaða ávöxtur værirðu og hvers vegna?

Klárlega jarðarber, súkkulaðihjúpað jarðarber.



ÞINGEYJARSVEIT AUGLÝSIR LAUST TIL UMSÓKNAR NÝTT STARF SKRIFSTOFU- OG SKJALAFULLTRÚA Á SKRIFSTOFU SVEITARFÉLAGSINS.

Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og drífandi einstaklingi til að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf í skemmtilegu starfsumhverfi. Um er að ræða 52,5% starf sem unnið er fjóra daga vikunnar. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí

Helstu verkefni

- Umsjón með skjalastjórnun og skjalasafni sveitarfélagsins
- Ábyrgð á móttöku, skráningu og frágangi skjala
- Fræðsla til annars starfsfólks varðandi skjalamál
- Umsjón með skjalavistunarkerfi og skjalavistunaráætlun
- Er tengiliður sveitarfélagsins við Héraðsskjalasafn og hugbúnaðaraðila skjalavistunarkerfis
- Móttaka, afgreiðsla og símsvörin fyrir skrifstofu Þingeyjarsveitar
- Verkefni er snúa að uppfærslu gagna á heimasíðu
- Ýmis önnur og tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf og/eða önnur menntun eða reynsla sem nýtist í starfi er æskileg
- Góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni
- Þekking og reynsla af skjalavistunarmálum æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð íslenskukunnátta og færni til að setja fram gögn
- Samvirkusemi og skipulagshæfileikar
- Geta til að vinna í teymi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Lípurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til árangurs og jákvæðni

ÞINGEYJARSVEIT AUGLÝSIR LAUST TIL UMSÓKNAR STARF Í ÁHALDAHÚSI SVEITARFÉLAGSINS

Um er ræða 100% starf við fjölbreytt verkefni sem snúa að mestu að viðhaldi fasteigna. Helstu verkefni eru almenn viðhalds- og þjónustuverkefni tengd fasteignum sveitarfélagsins og umhverfi þeirra ásamt ýmsum verklegum framkvæmdum sem falla undir áhaldahús sveitarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Lönmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna í teymi
- Ökuréttindi eru skilyrði
- Vinnuvélaréttindi eru æskileg
- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Íslenskukunnátta

Þingeyjarsveit er landmesta sveitarfélag landsins og státar af einstakri náttúrufegurð og náttúruauðlindum. Glæsileg aðstaða er fyrir hendi fyrir störf án staðsetningar. Þingeyjarsveit er ákjósanlegur búsetukostur fyrir þá sem kjósa gott mannlíf, friðsæld í fagurri sveit með nálægð við stóra þéttbýlisstaði.

Umsóknarfrestur er til 20. maí

BAKVARÐASVEIT ÞINGEYJARSVEITAR

SUPPORT REGISTRY



Síðastliðið sumar var auglýst eftir fólki í bakvarðasveit Þingeyjarsveitar. Hugmyndin var að eiga á lista nöfn fólks sem hægt væri að fá í smávægileg viðvik, stuttar afleysingar og tímabundin verkefni, jafnvel með stuttum fyrirvara. Viðbrögðin voru framar vonum og bakvarðasveitin varð að veruleika. Oft hefur verið leitað til bakvarða, það hefur verið mörgum vinnustöðum Þingeyjarsveitar ómetanlegt að geta leyst skyndileg forföll með þessu móti.

Enn er hægt að fjölga í bakvarðasveitinni og því er sent út nýtt ákall til þeirra sem gætu hugsað sér að leggja hönd á plóg. Það er engin skuldbinding fólgin í því að vera í bakvarðasveitinni en hér gætu skapast tækifæri til að prófa eitt og annað.

Yfirleitt er um að ræða tímavinnu og verkefni eru fjölbreytt s.s. heimaþjónusta, liðveisla, þrif og önnur fjölbreytt verkefni á vinnustöðum sveitarfélagsins. Hentar öllum kynjum.

Ef þetta er eitthvað sem þú ert til í þá endilega skráðu þig hér í bakvarðasveitina.

Ef spurningar vakna má senda línu á sviðsstjóra fjölskyldusviðs; asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is



Last summer, a call was made for individuals to join the Support Registry of Þingeyjarsveit. The aim was to compile a list of names of individuals who could be available for minor contingencies, short-term replacements, and temporary tasks, even on short notice. The response surpassed our expectations, and the Support Registry became a reality. There has often been a need for such support, and the ability to quickly resolve unforeseen situations has proven invaluable to many workplaces within Þingeyjarsveit. We are still looking to expand the support team, so we are issuing a new call to those who may be willing to lend a hand. There is no obligation with joining the Support Registry, but there may be opportunities to try out various tasks.

Typically, this entails part-time work, with tasks ranging from home assistance to support work, caregiving, cleaning, and other diverse responsibilities within the municipality's workplaces. This opportunity is open to individuals of all genders.

If you are interested, please register here for the Support Registry.

If you have any questions, feel free to contact the family department supervisor at asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

17. JÚNÍ VEISLA

SKEMMTUN MARKAÐUR GLEÐI OG GLENS

Viltu halda listasmiðju eða kenna krökkum að rappu? Halda hláturjoga eða bjóða uppá söngstund með álfum? Hvað með að þú grafir gömlu svuntuna upp og skellir í nokkrar vöffur? Viltu selja handverk, ís, kaffi eða aðrar veitingar? Nú er tækifærið!

17. JÚNÍ NEFNDIN ÓSKAR EFTIR FYRIRTÆKJUM OG
SKAPANDI EINSTAKLINGUM Í SVEITARFÉLAGINU TIL AÐ
TAKA ÞÁTT Í 17. JÚNÍ GLEÐI Á LAUGUM!

ALVÖRU MARKAÐSSTEMMING - VILT ÞÚ VERA MEÐ BÁS?

WWW.THINGEYJARSVEIT.IS

LOF MÁNAÐARINS

ÁTTU HRÓS?

Öll þekkjum við einhvern sem á skilið gott hrós, komdu þínu hrósi á framfæri á

thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

★ „Ég vil hrósa öllum þeim frábæru krökkum sem tóku þátt í frjálsíþróttamóti UFA í Boganum í apríl. Þau stóðu sig frábærlega og ánægjulegt að sjá hvað það eru margir iðkendur á svæðinu okkar. Einnig vil ég hrósa þjálfurunum fyrir þeirra framlag“ segir Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir.

★ Margrét Bjarnadóttir sendir nemendum og starfsfólki Stórutjarnaskóla hrós fyrir skemmtilegt og áhugavert Umhverfis- og lýðheilsuþing.

★ „Mig langar að hrósa skíðadeild Mývetnings og öllum þeim 25 krökkum sem sóttu Andrésar Andar leikana í lok apríl. Það er frábært að sjá hversu öflugt skíðastarfið er orðið og bara íþróttastarf Mývetnings í heild sinni. Áfram svona!“ segir Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir.



GLEÐILEGT SUMAR

Megi það vera fullt af fuglasöng, sólskini og hlátri



Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar
lokaðar í tvær vikur, frá 8.-22. júlí.



**FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK**



Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista
Þingeyjarsveitar og fáðu sendar
fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 4. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is